

Fjölbautaskóli Suðurnesja  
Vorönn 2017

# **Söfn sem námsvettvangur fyrir nemendur af erlendum uppruna/ safnaheimsóknir.**

Verkefnisstjóri: Kristrún Guðmundsdóttir

## Markmið og leiðir

Markmið verkefnis var að nýta sér söfn sem námsvettvang fyrir nemendur af erlendum uppruna. Þar var aðalmarkmiðið samfélagslegs eðlis eða með öðrum orðum að nemendur af erlendum uppruna fengju tækifæri til að upplifa sig sem hluta af því samfélagi sem þeir nú tilheyra. Að gefa þeim tækifæri til að íhuga betur og komast til botns í íslensku samfélagi, verða hluti af heild. Heimsókn á safn getur dýpkað skilning á ákveðnum hlutum sem viðkomandi veit ýmislegt um fyrirfram. Slík reynsla af söfnum er ekki algeng meðal þessara nemenda og því mikilvægt að þeir fái að upplifa og draga ályktanir af heimsókn á safn.

Nýjustu rannsóknir innan safnafræði sýna fram á að gestir á safni muna ekki allt jafn vel. Við ákveðum meðvitað og ómeðvitað hvað er þess virði að muna. Við sköpum merkingu sem hentar okkur best þannig að upplifun á söfnum mótað af því sem hefur merkingu fyrir okkur. Markmið verkefnis var meðal annars að veita nemendum af erlendum uppruna þessa reynslu, að upplifun af safni fengi merkingu í huga þeirra.

Nemendur sóttu til dæmis Árbæjarsafn heim. Fyrirfram voru nemendur spenntir að líta augum neyslusýninguna í Lækjargötu (í húsi Árbæjarsafns). Tekið var alúðlega á móti nemendum og þeim tjáð að þessi sýning væri hugsuð sem grunnsýning í Árbæjarsafni.

**Neyzlan – Reykjavík á 20. öld.** Fylgst er með þróun samfélagsins út frá sjónarhorni neyslumenningar sem í sjálfu sér er mjög áhugavert og tímabært að ræða og blákalt horfast í augu við. Starfsfólk Árbæjarsafns er hugleikið að gestir öðlist skilning á því hvernig daglegt líf breyttist með aukinni neyslu og ekki síst hvaða öfl eru þar að baki – og eru enn. Sýningin á að vekja fólk til umhugsunar um eigin neyslu og það hvernig við umgöngumst þær auðlindir sem við nýtum til að fæða okkur og klæða. Þetta er brýnt samfélagslegt verkefni. Þarna er í gangi sýning sem leitast eftir að fræða og þjóna samféluginu. Nemendur af erlendum uppruna fengu þarna tækifæri til að vera með í samfélagsumræðunni.

Á safninu í heild er reynt að gefa hugmynd um byggingarlist og lifnaðarhætti í Reykjavík. Þetta kom glögglega fram á Neyslusýningunni þar sem dregin var upp mynd af húsum hvers tímabils sem tekin voru þar fyrir. Tóku nemendur sérstaklega eftir þessu og þótti þeim skemmtilegur rauður þráður á sýningunni og þessi þráður fangaði alla leið inn í skólastofu FS þar sem unnið var áfram með hann og borinn saman við heimalönd hvers og eins nemanda.

Nemendur heimsóttu einnig Landnámssýniunguna í Aðalstræti, fóru í Menningarhúsið við Hverfisgötu, litu inn á Listasafn Íslands og Listasafn Duus í Reykjaneshús. Þar voru einnig áhugaverðar sýningar sem nemendur unnu með eftir að heim í skóla var komið og á safninu sjálfu. Heimasíður safna eru hluti af fræðslunni. Nemendur kíktu alltaf fyrst á heimasíðuna áður en heimsókn á safnið var farin.

## Helstu hindranir og helsti ávinnungur

Helstu hindranir við framgang verkefnis var kostnaður við rútuferðir til Reykjavíkur. Til að halda kostnaði í lágmarki þurfti að skera þann tíma niður sem annars hefði nýst betur á safninu. Það kostaði einfaldlega meira ef rútan beið eftir nemendum í two tíma eða þrjá. Því var yfirleitt aðeins rúmur tími á safni og rútan beið á meðan. Æskilegt er hins vegar að nýta two til þrjá tíma einungis í tengslum við safnaheimsóknina sjálfa og gefa nemendum þannig rýmri tíma til að sinna sínum verkefnum á safninu. Nemendur undirbjuggu ferð sína vel og grandskoðuðu heimasíður safna í því tilliti.

Helsti ávinnungur af vinnu við verkefnið var samanburður nemenda á menningu þeirri er þeir upplifðu á safninu við eigin menningu. Þetta skilaði sér í vinnu þeirra og kynningu á eigin list og menningu þegar heim var komið. Plaköt voru sett upp á veggjum þannig að aðrir nemendur gátu ef vildu kíkt á og skoðað afrakstur þeirrar vinnu. Veggur við inngang bókasafns hefur verið nýttur og að sama skapi veggir kennslustofu sem nýtt er af öðrum hópum einnig.

## Mat á verkefninu

Verkefnið hefur haft í för með sér nýja nálgun í kennsluháttum. Sú nálgun mun og hefur haft afleiðingar til dæmis í ábyrgari sýn á þarfir nemenda af erlendu bergi brotnu. Þeir eru sýnilegri innan veggja skólans með þeim plakötum sem hanga á veggjum uppi og þar sem kynntir eru listamenn frá heimalöndum þeirra. Aðaláherslan var á nemendasjálfstæði. Gengið var út frá að nám er heimildaröflun, að greinandi hugsun er forsenda náms og að árangursríkar námsaðferðir byggi á gagnvirkni. Áhersla var lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og samstarf fremur en miðlun kennara. Það skapast jákvætt andrúmsloft í kennslustofunni þegar allir eru að glíma við sama verkefnið og það er undravert að sjá hvað afraksturinn er fjölbreytilegur. Nemendum þótti þetta skemmtileg vinna. Þeir fengu tækifæri á að kynna sig frá öðru sjónarhorni en því íslenska. Þeir vildu sýna merkilega hluti frá sínu heimalandi og við það óx þeim kjarkur og þor. Innbyrðis jók þetta einnig á samstöðu nemenda. Þeir sáu sjálfa

sig í nýju ljósi allra þeirra þjóða sem þarna voru saman komnar og hver með sínu sniði. Þetta atriði er ekki síður mikilvægt þegar í einni og sömu skólastofunni eru samankomnar 10-15 þjóðir.

## Niðurstöður verkefnis

Markmiðin náðust að því leyti að nemendur stigu inn fyrir dyr á safni. Nemendur kynntu sér íslenska menningu og list. Jafnframt gafst þeim tækifæri að kynna menningu og listir frá sínu heimalandi. Það var þeim mjög mikilsvert. Þessir kennsluhættir eru komnir til að vera í Fjölbautaskóla Suðurnesja varðandi kennslu nemenda af erlendu bergi brotnu. Um leið og þeir fá að upplifa sig sem hluta af heild eykur það hugrekki þeirra og þeir skynja hversu dýrmætt það er að aðrir fái að kynnast þeirra menningu. Þarna er leið til að komast að kjarna hjá þeim sjálfum með því að kynnast kjarna þess samfélags sem þeir eru nú hluti af.

Verkefnisstjóri hefur kynnt þessa nálgun í viðtölu við fólk sem hefur verið að kynna sér kennsluaðferðir í ýmsum skólum varðandi kennslu þessara nemenda. Að öðru leyti hefur ekki formleg kynning farið fram. Þess má og geta að eftir ferð nemenda á Listasafn Duus í Reykjaneshús átti leiðsögumaður þess safns ekki orð yfir áhuga nemenda á þeim listaverkum sem þar voru til sýningar. Bað viðkomandi um leyfi að fá að kíkja á verkefnin sem nemendur höfðu með sér á safnið. Verkefnisstjóri hafði áður skoðað sýninguna og síðan búið til verkefni er honum þótti henta til notkunar á safnadegi. Tekin var mynd af þessum föngulegu nemendum og þegar Safnadagar á Suðurnesjum nú í mars 2017 voru auglýstir í blöðum á svæðinu, var þessi fína mynd af nemendum á safninu notuð til að minna á safnið. Þegar verkefnisstjóri benti nemendum á þessa staðreynd ljómuðu mörg andlitin. Þarna voru nemendur sýnilegir á síðum svæðisblaðanna og þannig voru þeir vissulega orðnir hluti af heild.

Dagsetning: 8. maí 2017



Undirskrift verkefnisstjóra



Undirskrift skólameistara

## **Rekstrarreikningur**

Styrkur/framlag til skólans kr. 200.000

Laun og launatengd gjöld á meðan verkefninu stóð kr. 232.826

Ýmis gjöld á meðan verkefninu stóð kr. 26.000

Alls gerir þetta kr. 258.826


Alls hefur skólinn farið fram úr áætlun í verkefninu kr. 58.826

Framlag skólans var kr. 58.826

## **Rekstrarreikningur**

	Gjöld	Tekjur
Styrkur/framlag	-	200.000
Laun og launat. gjöld	200.000	
Ýmis gjöld	26.000	-
Fjármagn frá skólanum		26.000
<b>Alls</b>	<b>226.000</b>	<b>226.000</b>

Dagsetning: 8. maí 2017



Undirskrift verkefnisstjóra



Undirskrift skólameistara